

# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð 415/2014 (CLP), reglug. 888/2015 (REACH).



## 1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.

### 1.1. Auðkenni vöru

Söluheiti vöru: **Gasoline Fuel System Treatment**

Tilvisunarnúmer: PSL16010, PSL16020

Gerð vöru: Blanda, vökvi.

Reach skráningarnr: Á ekki við.

### 1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá

Notkun vöru: Bætiefni fyrir eldsneytiskerfi.

Fraráðin notkun: -

### 1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið

Fyrirtæki: Prolong Skútuvogi 8 104 Reykjavík Sími 519 2020  
<http://prolong.is>

Tengiliður fyrirtækis: [Prolong@Prolong.is](mailto:Prolong@Prolong.is)

Útgáfudagsetning: 31.10.2018

Útgáfa: 1,0

Gerð öryggisblaðs: EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

### 1.4. Neyðarsímanúmer:

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

## 2. Hættugreining.

### 2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

**Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)**

Eldfimir vökvar, fl. 3

Húðæting/húðerting, fl. 2

Alvarlegur augnskaði/augnerting, fl. 2A

Sértæk eiturrif á marklíffæri - váhrif í eitt skipti, fl. 2 (blóð, miðtaugakerfi, meltingarfæri, hjarta, ónæmiskerfi, nýru, lifur, lungu, öndunarfæri og húð)

Eiturrif við ásvelgingu, fl. 2

Hættulegt fyrir vatnsumhverfi, langvinn áhrif, fl. 2

#### Helstu hættur

Eðlisræn hætta: Eldfimir vökvi og gufa.

Heilsufarshætta: Getur verið banvænt ef það kemst í öndunarveg við inntöku eða uppköst. Getur valdið ertingu í öndunarfærum. Getur valdið sljóleika eða svima. Grunað um að valda krabbameini.

Umhverfishætta: Skaðlegt vatnalífverum, hefur langvinn áhrif.

## 2.2. Umbúðamerkingar

*Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)*



*Hættumerki:*

*Viðvörðunarorð:* Varúð

*Innihaldsefni:* -

*Hættusetningar (H):* H226 Eldfímur vökvi og gufa.  
 H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.  
 H335 Getur valdið ertingu í öndunarfærum.  
 H336 Getur valdið sljóleika eða svima.  
 H351 Grunað um að valda krabbameini.  
 H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

*Varnaðarsetningar (P)*

*Almennar:* P102 Geymist þar sem börn ná ekki til.

*Forvarnir:* P201 Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.  
 P210 Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikjuvöldum - Reykingar bannaðar.  
 P235 Geymist á köldum stað.  
 P260 Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.  
 P270 Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru.  
 P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.  
 P273 Forðist losun út í umhverfið.

*Viðbrögð:* P305 + P351 + P338 BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.  
 P337 + P313 Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.  
 P304 + P340 EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.  
 P301 + P330 + P331 EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst.

*Geymsla:* -

*Förgun:* P501 Fargið innihaldi/íláti með öruggum hætti og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

*Viðbótarupplýsingar:* -

## 2.3. Aðrar hættur

*Aðrar hættur:* Engar þekktar.

*Takmarkanir á notkun:* -

*Annað:* Eitrunareiginleikar hluta blöndunnar eru óþekktir.

*Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.*

## 3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti	Magn, %	Flokkun
64742-53-6	265-156-6	eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt, naftenríkt	65 - 75	Krabb. 1B H350

64742-95-6	265-199-0	leysinafta (úr jarðolíu), létt, arómatískt	5 - 10	Eit. v. ásvelg 1 Stökkbr. 1B Krabb. 1B	H304 H340 H350
Iðnaðarleynd	-	pólý(oxýalkýlen) alkarýleter	3 - 5	-	
Iðnaðarleynd	-	pólýolefín alkýlfenól alkýlamín	3 - 5	-	
95-63-6	668-216-3	1,2,4-trímetylbensen	1 - 3	Eldf. vökvi 3 Húðert. 2 Augnert. 2 Bráð eit. 4 SEM-VES 3 Langv. eit. á vatn 2	H226 H315 H319 H332 H335 H411
108-67-8	203-604-4	1,3,5-trímetylbensen	1 - 3	Eldf. vökvi 3 SEM-VES 3 Langv. eit. á vatn 2	H226 H335 H411

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

## 4. Skyndihjálp.

### 4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum

*Almennt:* -

*Við innöndun:* Tryggið hreint loft. Leitið strax lækni ef óþægindi koma fram.

*Snerting við húð:* Fjarlægjið strax föt og skó sem hafa mengast af efninu og þvoðið húðina vel með nægu vatni og sápu. Skolið vel í a.m.k. 15 mínútur.

*Snerting við augu:* Skolið strax vel með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið; lyftið augnlökum öðru hverju til að tryggja fullnægjandi skolun. Leitið strax lækni ef óþægindi koma fram.

*Inntaka:* Leitið strax lækni eða hafið samband við eitrunarmiðstöð. Framkallið EKKI uppköst.

### 4.2. Helstu skaðleg einkenni og úhrif, bæði bráð og tafin

*Úhrif, einkenni:* Getur verið banvænt ef það kemst í öndunarveg við inntöku eða uppköst. Getur valdið ertingu í öndunarfærum. Getur valdið sljóleika eða svima. Sjá einnig kafla 11.

### 4.3. Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

*Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:*

Mælt er með stuðningsmeðferð og meðhöndlun við einkennum. Eftirlit er nauðsynlegt, einkenni geta verið seinkuð.

## 5. Viðbrögð við eldsvoða.

### 5.1. Slökkviefni/búnaður

*Heppileg slökkviefni:* Notið slökkviefni eftir aðstæðum og umhverfi.

*Óæskilegur búnaður:* Notkun vatns við slökkvistörf getur verið þýðingarlítið.

### 5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

*Sérstakar hættur:* Gufa efnisins myndar eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti sem er þyngri en loft og getur dreifst eftir gólfum og lögnum og valdið íkveikju fjarri upprunastað.

Við bruna geta myndast kolmónoxíð og koldíoxíð og aðrar hættulegar gastegundir og gufur s.s. oxíð brennisteins, vetnisklóríðs og niturs.

### 5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

*Hlíðarbúnaður:* Notið fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf.  
*Sérstakar aðferðir:* -

## 6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

### 6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

*Öryggisráðstafanir:* Haldið óviðkomandi frá og verið vindmegin við mengaða svæðið. Fjarlægjið allt sem getur valdið íkveikju og reykið ekki. Tryggið fullnægjandi loftræstingu og forðist innöndun gufu og úða. Notið aðeins neistavarin tæki og áhöld.

*Hlífðarbúnaður:* Notið persónuhlífar skv. kafla 8 við hreinsunarstörf.

### 6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

*Varúðarráðstafanir:* Hindrið að efnið berist í niðurföll, vatn í umhverfinu eða jarðveg. Mengið ekki vatn. Stöðvið lekann og dreifingu hans ef hægt er að gera það á öruggan hátt. Notið t.d. jarðvegsgarða eða skurði. Hindrið að efnið berist í niðurföll, vatn í umhverfinu eða kjallara og önnur takmörkuð rými. Látið yfirmenn vita af öllum leka. Ef umtalsvert magn berst út í umhverfið þarf að láta viðkomandi yfirvöld vita.

### 6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

*Aðferðir og efni:* Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar. Skolið mengað svæði vel með vatni. Minniháttar leka má þurrka upp með tusku. Hreinsið flötinn vel á eftir. Látið efni sem farið hefur niður aldrei aftur í upprunalegu umbúðirnar til notkunar.

### 6.4. Tilvísanir í aðra kafla

*Tilvísanir:* Sjá kafla 7 fyrir upplýsingar um meðhöndlun.  
Sjá kafla 8 fyrir upplýsingar um persónuhlífar.  
Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

## 7. Meðhöndlun og geymsla.

### 7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun

*Meðhöndlun:* Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun. Notið efnið í lokuðu kerfi ef hægt er. Nauðsynlegt er að lesa og skilja allar viðvaranir áður en efnið er notað. Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Forðist innöndun gufu eða úða. Notið viðeigandi persónuhlífar. Þungaðar konur og konur með börn á brjósti ættu ekki að vinna með efnið. Skerið ekki, borið eða gatið og sjóðið ekki í eða á tónum umbúðum. Forðist losun út í umhverfið.

### 7.2. Örug geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika

*Geymsla:* Geymist í vel lokuðum umbúðum á læstum stað þar sem börn ná ekki til. Geymist á köldum stað. Geymið ekki með ósamrýmanlegum efnum.

*Ósamrýmanleiki:* Oxunar- og afoxunarmiðlar.

**7.3. Sértek endanleg notkun**

Sértek notkun: -

**8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.****8.1. Mengunarmörk**

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (PG) = þakgildi):

Olíupoka, steinefnaolíuagnir (olíuúði):	(MG)	1 mg/m <sup>3</sup>
Trímetylbenzen:	(MG)	20 ppm 100 mg/m <sup>3</sup>

**8.2. Váhrifavarnir**

**Tæknilegar aðgerðir:** Tryggið góða almenna loftræstingu á vinnusvæði (venjulega 10 loftskipti á klst.). Loftræstingu þarf að miða við aðstæður. Notið lokað kerfi, góða almenna loftræstingu og frásog eða aðrar viðeigandi aðferðir til að halda loftmengun á vinnusvæði neðan mengunarmarka. Öryggissturta og augnskolunaráhöld þurfa að vera tiltæk nærri vinnusvæði.

**Persónuhlífar;**

**Öndunartæki:** Notið öndunargrímu með síu fyrir lífrænar gufur eða ferskloftstæki ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hættu er á að mengun fari yfir mengunarmörk.

**Fyrir augu:** Hlífðargleraugu sem falla vel að.

**Fyrir hendur:** Hlífðarhanskar.

**Fyrir húð:** Viðeigandi hlífðarfatnaður. Notið viðeigandi hitahlífar ef við á.

**Hreinlæti við vinnu:** Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur. Þvoið hendur áður en matast er eða drukkið, fyrir önnur hlé og eftir vinnu. Þvoið hlífðarfatnað reglulega.

**Umhverfið:** Hindrið að efnið berist í niðurföll, vatn í umhverfinu eða jarðveg.

**9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.****9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika**

<b>Ástand:</b>	Vökvi, þykkfljótandi olía	
<b>Útlit:</b>	Tær	
<b>Lykt:</b>	Sterk olíulykt	
<b>Sýrustig (pH):</b>	-	
<b>Suðumark:</b>	-	
<b>Bræðslumark:</b>	-	
<b>Blossamark:</b>	> 170°C	(ASTM D-92)
<b>Sprengimörk:</b>	-	
<b>Gufubrýstingur:</b>	-	
<b>Gufubéttni:</b>	-	
<b>Uppgufunarhraði:</b>	-	
<b>Rokgjörn lífræn efni:</b>	-	
<b>Eðlisþyngd:</b>	0,89	við 15,6°C (vatn=1)
<b>Seigja:</b>	-	
<b>Leysni:</b>	Lítill vatnsleysni	
<b>Deilistuðull:</b>	-	

**9.2. Aðrar upplýsingar**

Annað: -

**10. Stöðugleiki og hvarfgirni.****10.1. Hvarfgirni**

*Hvarfgirni:* Sértekjar upplýsingar fyrir vöruna liggja ekki fyrir.

**10.2. Efnafraeðilegur stöðugleiki**

*Stöðugleiki:* Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.

**10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf**

*Hættuleg efnahvörf:* Hættuleg fjölliðun á sér ekki stað.

**10.4. Skilyrði sem þarf að varast**

*Skilyrði:* Hiti, opinn eldur og annað sem getur valdið íkveikju.

**10.5. Ósamrýmanleg efni**

*Efni sem skal varast:* Oxunar- og afoxunarmiðlar.

**10.6. Hættuleg niðurbrotsefni**

*Hættuleg myndefni:* Við bruna geta myndast þéttur reykur, kolmónoxíð, koldíoxíð og nituroxíð.

**11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.****11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif**

*Almennt:* Getur valdið sljóleika eða svima.

*Helstu áhrifaleiðir:* Innöndun, augu, húð, inntaka.

*Áhrif við innöndun:* Getur valdið ertingu í öndunarfærum og hósta. Önnur einkenni og áhrif geta verið sljóleiki, svimi, ógleði, uppköst, höfuðverkur, slen, syfja eða meðvitundarleysi.

*Áhrif á augu:* Ertandi.

*Áhrif á húð:* Ertandi.

*Áhrif við inntöku:* Getur verið banvænt ef það kemst í öndunarveg við inntöku eða uppköst. Einkenni gera verið ógleði og uppköst.

*Bráð eiturrhif:* Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir.

*Langvinn áhrif:* Grunað um að valda krabbameini.

**12. Vistfræðilegar upplýsingar.****12.1. Eiturhrið**

*Eiturhrið:* Eitrað vatnalífverum, hefur langvinn áhrif (skv. reiknuðum gildum).

**12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki**

*Þrávirkni/niðurbrot:* Innihaldsefni geta verið þrávirk.

**12.3. Uppsöfnun í lífverum**

*Uppsöfnun í lífverum:* Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir.

**12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni**

*Hreyfanleiki:* Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir.

**12.5. Mat á PBT/vPvB\*- eiginleikum**

PBT/vPvB efni: -

**12.6. Önnur skaðleg áhrif**

Aðrar upplýsingar: -

\* PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lifverum og eru eitruð  
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lifverum í miklum mæli.

**13. Förgun.****13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**

Meðhöndlun úrgangs: Endurvinnið ef hægt er eða skilið á viðurkennda móttökustöð fyrir spilliefni.

Úrgangsflokkun: Endanotandi ákvarðar flokkun í samræmi við notkun og hvort önnur efni hafa blandast vörunni.

Förgun umbúða: Umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri eða endurvinna. Tómar umbúðir geta innihaldið efnaleifar og eldfimar/sprengifimar gufur. Tæmið umbúðir eins vel og unnt er og hreinsið síðan vandlega. Eftir það má farga þeim eða endurvinna.

Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg. Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

**14. Upplýsingar um flutninga.****14.1. UN númer**

UN númer: 1993

**14.2. Rétt UN sendingarheiti**

Sendingarheiti: Flammable liquids, n.o.s. (Petroleum distillates)

**14.3. Hættuflokkur eða flokkar vegna flutninga**

Hættuflokkur/flokkar: 3

Varúðarmerki: -

Hættunúmer: -

Gangakóði: -

EmS: -

**14.4. Pökkunarflokkur**

Pökkunarflokkur: III

**14.5. Umhverfishættur**

Skaðlegt umhverfinu: Já

Sjávarmengandi: -

Annað: -

**14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda**

Varúðarráðstafanir: -

**14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka MARPOL-samningsins frá '73/'78 & IBC kóðanum:**

Magnflutningar: -

**15. Upplýsingar varðandi regluverk.****15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**

*Reglugerðir:* Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).  
Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

*Takmarkanir á notkun:* -

**15.2. Efnaöryggismat**

*Efnaöryggisskýrsla:* -

**16. Aðrar upplýsingar.**

*Dagsetning útgáfu:* 31.10.2018

*Útgáfa númer:* 1,0

*Breyttir liðir:* -

*Öryggisblað gert fyrir:* Prolong Skútuvogi 8 104 Reykjavík Sími 519 2020  
<http://prolong.is>

*Gerð öryggisblaðs:* EFNAVERND ehf. Reykjavík <http://efnavernd.is>

*Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:*

- H226 Eldfímur vökvi og gufa.
- H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
- H315 Veldur húðertingu.
- H319 Veldur alvarlegri augnertingu.
- H332 Hættulegt við innöndun.
- H335 Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
- H336 Getur valdið sljóleika eða svima.
- H340 Getur valdið erfðagöllum.
- H350 Getur valdið krabbameini.
- H351 Grunað um að valda krabbameini.
- H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
- H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

*Aðrar upplýsingar:* -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá GoldenWest Lubricants, Inc. Pamona, CA 91768, USA, dags. 01.07.2015.